

Pési



Lesið þetta

- Garðyrkjuskóli á Flúðum?
- 17. júní
- Auglýsingar
- Íþróttaskóli
- Smárafréttir
- Gönguferðir

Enginn Pési í júlí

Næsti Pési kemur út 11. ágúst. Skil á efni er 7. ágúst.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Loðdýrarækt	4
Íþróttaskóli	7
SS fréttir	16
Minningarsteinn	20
Smárafréttir	26

Júní 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

17. árgangur. 206. tölublað. pesi@fludir.is. Sími.480 6600

Velheppnaður rusla- dagur

Öllum sem tóku þátt í rusladedinum 25. maí s.l. er þakkað. Þetta er bráðskemmtileg hefð og forsvarsmenn sveitafélagsins eru mjög þakklátir því góða fólki sem leggur hönd á plóginn við að taka til í hreppnum okkar. Enn hvetjum við til þess að íbúarnir taki til í kringum sig, því betur má ef duga skal. Margir eru til mikillar fyrirmyndar hvað umgengni varðar en aðrir mættu taka sig á því draslið stingur alltaf í augun. Eydísi Helgadóttur ruslamálaráðherra eru þökkuð góð og farsæl störf .

Næsti bar – bar uppsveita- mannsins

Útlaginn er kráin okkar í Hrunamannahreppi. Útrás er á barmningunni héðan því Ragnar Kristinn Kristjánsson f.v. Flúðasveppabóndi sem um hríð bjó í Galtafelli, hefur keypt og endurbætt bar í Reykjavík sem kallast Næsti bar. Á þessum bar eru haldnar merkilegar málverkasýningar og nú stendur einmitt yfir málverkasýning eftir Lettann Vytautas Narbutas. Þar sýnir hann teikningar, grafíkverk og málverk, þ.á.m. gríðarstórt málverk sem hann byrjaði á auðum striga á sýningu á Næsta bar fyrir tveimur árum. Listamaðurinn vann málverkið á meðan á sýningunni stóð. Uppsveitamenn og aðrir listunndur eru hvattir til þess að skoða sýninguna og geta jafnvel fengið sér einn kaldann ef þeir kæra sig um. Sýningin er opin frá kl. 17.00 á daginn.

Byggjum upp nýjan garðyrkjuskóla á Flúðum.

Talsverð umræða hefur orðið að undanfögnu um framtíð Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum. Garðyrkjuskólinn er merkileg stofnun og er garðyrkjumönnum og mörgum öðrum afar kær. Skólinn hefur verið í ákveðinni tilvistarkreppu og fjársveldi um nokkurn tíma. Garðyrkjuskólinn er í rauninni mjög spennandi stofnun og á mikla framtíðarmöguleika. Áhugi fólks á umhverfismálum og ræktun hefur aukist til mikilla muna á síðustu árum. Margt spennandi hefur verið gert í Garðyrkjuskólanum, sjálfur stundaði undirritaður nám við skólann í verkefninu “Grænir skógar” og hafði gott og gaman af. En betur má ef duga skal. Mekka garðyrkju á Íslandi eru í Hrunamannahreppi og er talið að um 80% af garðyrkjuframléiðslu fari fram hér í hreppnum. Garðyrkjan er hin græna stóriðja og hvar væri skólinn betur staðsettur en einmitt hér á Flúðum? Garðyrkjumennirnir okkar sóttu margir menntun í Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum – en nú er svo komið að þeir sækja námskeið og námsstefnur í Finnlandi og Hollandi þeir eru afar framsæknir. Staðsetning garðyrkjuskólans hér á Flúðum er því alveg upplögð. Hér er hvað örust þróun í framförum í ræktun. Hér er gullið tækifæri til að láta til sín taka í umhverfis- og menntamálum. Hér er jarðvegurinn, hér er áhuginn, hér eru gerðar gagnmerkar tilraunir í ræktun, hér er sífellt verið að bæta við flórana í tómatarækt og hvað varðar aðra grænmetisrækt. Hér er blómarækt, hér er jarðaberjarækt, hér er trjáplöntuframléiðsla og garðyrkjuflóran er hvergi fjölbreytilegri en einmitt hér. Einhversstaðar stendur að nýir sópar sópi best. Uppbygging nýs garðyrkjuskóla á Flúðum er upplagt tækifæri fyrir nýja ríkisstjórn að láta til sín taka í þessum spennandi og nútímallega málaflokki. Við hvetjum þingmenn og ráðherra kjördæmisins að skoða þessar hugmyndir ofan í kjölinn, láta hendur standa fram úr ermum og gera þessar hugmyndir að veruleika. Byggjum upp nýjan garðyrkjuskóla á Flúðum hér dafnar hin græna stóriðja í Mekka garðyrkjunnar á Íslandi.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
Sveitarstjóri

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Tónlistargyðjan grasserar í Ragnari!

Ragnar Kristinn Kristjánsson hefur söðlað um. er löngu hættur að rækta sveppi en ræktar nú með sér tónlistargyðjuna. Hann vinnur nú að upptökum á geisladiski sem mun koma út í haust – hugsanlega á réttardaginn? Þar hefur hann fengið ýmsa valinkunna tónlistarmenn til þess að útsetja og leika tónlist sem hann hefur samið. Þar eru bæði innlendir og Lettneskir listamenn. Einn af mörgum flytjendum verður væntanlega listakonan vinsæla Þuríður Sigurðardóttir sem er okkur uppsveitarmönnum að góðu kunn en hún hefur ásamt söngnum náð langt í málalalistinni.

Uppsveitasystur í landnámi

Sönghópurinn Uppsveitasystur lögðu land undi fót og brugðu sér að Mývatni um helgina. Þar sungu þær af þvílíkri snilld að látúnsbarkarnir í ónefndum kór sem stundum hefur verið nefndur í Pésanum urðu alveg dolfallnir. Ekki nóg með það því að söngur þeirra hljómaði um landsbyggðina þar sem söngurinn var ein aðlafrétt Sjónvarpins á sunnudagskvöldið. Myndast hefur mikil samkeppni milli þessara kóra því Sjónvarpinu þótti nægjanlegt að birta söng karlakórsins í 10 fréttum ekki alls fyrir löngu en söngur Uppsveitasystra birtist í 7 fréttunum sem þykir enn meiri heiður. Stjórnandi Uppsveitasystra er Magnea Gunnarsdóttir.

Berglind Loftsdóttir sló í gegn!

Berglind Loftsdóttir er að læra að verða matreiðslumeistari og það er nú ekkert sleifarlag hjá henni, blessuninni í þeim efnun. Hún starfar nú hjá Hótel Geysi undir handleiðslu Bjarka Hilmarssonar frá Selfossi en hann er forseti Klúbbs Matreiðslumeistara sem eru merk samtök sem láta sig mjög varða matargerð og markaðsetningu Íslenskra landbúnaðarvara og sjávarfangs. Fyrir stuttu tók Berglind þátt í ungmanna keppni. Einn aðili var frá hverri Norðurlandþjóð og fór Berglind fyrir Íslands hönd Keppnin fór fram í Toronto í Kanada og Norðurlandakokkarnir kepptu við Kanadamenn. Bæði lið stóðu sig með mikilli þryði. Keppnin var fólgin í að elda þriggja rétta hádegisverð fyrir 55 manns. Ný skartar Berglind gullmedalíu þegar hún hrærir í pottunum á Geysi. Bragðið verður örugglega enn betra af matnum fyrir vikið.

Loðdýrarækt á uppleið

Það er mikill fjölbreytileiki í landbúnaðarframleiðslu hér í Hrunamanna- hreppi. Ein er sú atvinnugrein sem um skeið átti afar erfitt uppdráttar en það er loðdýraræktin. Hins vegar er það ánægjulegt að nú virðist ganga býsna vel í þessari atvinnugrein með mikilli þrautseigu, alúð og útsjónasemi hafa þeir feðgar Þorbjörn og Sigurður ásamt fjölskyldum sínum rekið loðdýrabúið í Ásgerði. En það er eitt af stærstu loðdýrabúum landsins og aðstaðan mjög góð og búið er í rauninni sjálfbært. Nú er gert ráð fyrir að minkalæður verði um 2800. Að sögn Sigurðar Jónssonar gefur hver læða meira í krónutölu en tvílemba í afurðum. Gotið í ár gekk þökkalega. Góð sala var í minkaskinum á síðustu tveimur árum, þó að gengi krónunnar sé hátt kemur reksturinn þökkalega vel út.

Gúrkurnar frá Götu vekja athygli

Fjölbreytnin í yl- og garðyrkjunni vex með ári hverju. Í hinum nýju og glæsilegu gróðurhúsum í Götu hjá Reyni og Sólveigu er hafin ræktun og sala á nýrri afurð sem heitir skólagúrkur. Þær eru minni en þær sem við eigum að venjast og eru vinsælar. Þá hefur enn bæst í tómataflóruna á Melum þar sem nú eru framleiddir nýir gulir tómatar sem enn hafa ekki hlotið nafn. Guðjón og Helga auglýsa eftir nafni á tómatana. Heyrst hefur að verðlaunin verði a.m.k. nokkur kíló af þeim gulu.

Útboð

Í síðasta Pésa var auglýst eftir tilboðum í fráveitu og vegagerð vegna nýrra tjaldsvæða, nýs íbúða- og iðnaðarhverfis. Útboðið var opið og alls bárust þrjú tilboð í verkið. Kostnaðaráætlun var uppá kr. 67.612.621. Lægsta tilboð átti Árni Hjaltason en það tilboð hljóðaði uppá kr. 60.506.950, þá var tilboð Gröfutéknis ehf. uppá kr. 66.992.300 en hæsta tilboð kom frá Gröfumönnum ehf. uppá kr. 123.456.789.

Nýir rekstraraðilar tjaldsvæðis

Náðst hafa samningar milli Trogs ehf. og Árna Hjaltasonar og sveitarfélagsins að þeir fyrst nefndu sjái um rekstur tjaldsvæðisins við Félagsheimiðið á Flúðum. Einnig hefur verið undirritaður samningur milli Trogs ehf. og sveitarfélagsins um að eigendur Trogs taki að sér uppbyggingu á nýju tjald- og útivistarsvæði ásamt uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í sambandi við það. Samningur þessi er til 25 ára. Þar sem tjaldsvæðið er nú, er víkjandi staður þar sem fyrirhugaður er lystigarður í framtíðinni.

Harri og Guðmundur í viðhaldi

Harri Kjartansson og hans vinnuflokkur hefur verið að gera við þak, þak-kanta og ýmislegt fleira í félagheimilinu okkar. Þá hefur Guðmundur hús-vörður pantað nýja fellihurð sem skilur á milli stóra salarins og veitinga-salarins. Það er ljóst að félagheimilið okkar eins og reyndar margar bygg-ingar í eigu hreppsins þurfa viðhald og endurnýjun og er þetta eitt skrefið í þeirri viðleitni okkar.

Heimsókn Rangæinga

Um 50 eldri borgarar úr Rangárvallasýslu heimsóttu sveitina okkar á dög-unum. Jón Hermannsson á Högnastöðum var leiðsögumaður hópsins og þótti takast einstaklega vel að segja frá staðhátum og starfsemi í hreppnum. Hópurinn heimsótti Flúðasveppi þar sem Rangæingurinn Georg Már Ottós-son ræður ríkjum en einnig var farið í Garðyrkjustöðina á Melum til þeirra Guðjóns og Helgu. Góður róður var gerður að ferðinni og hafa Rangæing-arnir beðið fyrir sérstakar kveðjur og þakklæti til heimamanna.

Leit að týndu landnámsbýli.

Þeir félagar Jón Hermannsson, Halldór Gestsson og Sigurjón Helgason verk-fræðingur sem einnig hefur stúderað fornleifafræði og ættaður er frá Tungu-felli hafa nú lagt í rannsóknir við að reyna að finna annan af tveimur land-námsbæjum hér í Hreppnum. Sá staður nefndist Másstaðir og er talið að Mås-staðir hafi verið ekki langt frá Hörgsholti. Nú er bara að vona að þeir finni Másstaðina. Hinn landnámsbærinn í Hrunamannahreppi er myndarbylíð Berghylur sem allir vita hvar er. Þá mun Kristján Mímisson halda áfram rannsóknum sínum á Hrunamannaafretti eins og hann hefur gert undanfarin ár.

Fjallganga

Ungmennafélag Íslands og Héraðssambandið Skarphéðinn stóðu fyrir göngu á Langholtsfjall í síðustu viku. Lagt var af stað frá Álfaskeiði en þar söng Karlakór Hreppamanna áður en lagt var af stað í gönguna. Göngustjóri og leiðsögumaður var Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti en hann er eins og menn muna fyrrverandi formaður Héraðssambandsins Skarphéðins og ól upp margan félagsmálamanninn bæði sem kennari og sem formaður HSK. Jóhannes stóð sig með stakri þryði eins og við var að búast, hafsjór af fróð-leik um menn, málefni og staðarheiti. Gangan tókst í alla staði vel og var öllum þeim er undirbyggju ferðina til mikils sóma. M.a. var boðið uppá mjólk frá Birtingaholti eins og fyrir 100 árum þegar Friðrik konungur átti leið um. uppsveitirnar.

Álfaskeið

Eins og eldri kynslóð sunnlendinga man voru haldnar merkilegar samkomur á Álfaskeiði hér í eina tíð. Álfaskeið er einstaklega fallegur staður og hentar í alla staði vel til samkomuhalds en þar eru einnig tjalldstaði sem eru vinsæl hjá ferðafólki. Karlakórsmenn héldu þar fjölskyldusamkomu um síðustu helgi. Jóhannes Sigmundsson sagði einmitt frá samkomuhaldi á Álfaskeiði þegar lagt var í fjallgönguna á dögnum. Hjá Ásborgu Arnþórsdóttur, ferðamálafulltrúa sem sagði frá konungskomunni fyrir 100 árum kom ma fram að hið fræga næturgagn sem fylgdarmenn kóngsins reiddu milli staða væri fundið og væri nú til sýnis á Eyrarbakka.

Borgarafundur

Fyrir skemmstu var haldinn almennur borgarafundur í Félagsheimili Hrunamanna á vegum hreppsnefndarinnar. Endurskoðandi hreppsreikninga Einar Sveinbjörnsson fór yfir helstu tölur ársreiknings en rekturinn hefur batnað nokkuð milli ára. Enn eru þó atriði hjá okkur sem mikill undirballans er á og tengjast þeir helst vatnsveitu sem er okkur dýr en mjög mikilvæg. Sveitarfélögum er ekki skylt að leggja vatn nema í þéttbýli en í gegnum árin hefur þeim býlum sem fá vatn frá vatnsveitunni verið að fjölga. Hrund Skarp-héðinsdóttir og Gylfi Guðjónsson okkar fólk í skipulagsvinnunni, kynntu fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og hefur hreppsnefnd samþykkt að setja þær breytingar í auglýsingu þar sem íbúar geta síðan gert athugasemdir eins og lög gera ráð fyrir. Að lokum flutti Haukur Jóhannesson gagnmerkt erindi um auðlindakort sem unnið hefur verið hjá Íslenskum orkurannsóknnum á orkustöðvum í Hrunamannahreppi. Fundurinn var vel sóttur og í senn fróðlegur og skemmtilegur.

Afréttarmál

Mikill áhugi og væntumþykja er á afrétti okkar. Eftt var til opins fundar um uppgræðslu á afréttinum fyrir skemmstu. Sigurður H. Magnússon, plöntuvistfræðingur frá Bryðjuholti flutti fróðlegt og skemmtilegt erindi. Hann hefur lagt mikla vinnu í rannsóknir, skýrslugerð og skipulagningu á uppgræðslu á Hrunamannaafretti. Þá kom fulltrúi Landgræðslunnar Björn Barkarson og sagði frá Landgræðsluáætlun. Ákveðið er að efna til uppgræðsluferðar á Hrunamannaafreft miðvikudaginn 20 júní og er áhugafólk hvatt til þess að taka þátt í ferðinni. Unnsteinn Hermannsson skipuleggur vélavinnu á afréttinum. Í lok dags verður þátttakendum boðið uppá grillveislu þar sem gámsætt “SS kjét” verður snætt. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á hreppsskrifstofu sem fyrst þannig að hægt verði að gera ráðstafanir um kost og keyrslu. Hreppsskrifstofan verður lokuð þennan dag þar sem starfsmenn hennar taka þátt í verkefninu.

Flúðaskóli yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum

Skólaslit Flúðaskóla voru með pomp og prakt s.l. fimmtudag. Það er alltaf hátíðlegt þegar skóla er slitið og unga fólkið stekkur út í sumarið fullt eftirvæntingar. Útskriftarnemendur flytjast í aðra skóla en algengast er að nemendur héðan fari í Fjölbrautaskólann á Selfossi eða í Menntaskólann á Laugarvatni. Skólahald gekk vel í vetur og árangur nemenda góður. Árangur á samræmdum prófum var yfir landsmeðaltali í öllum greinum. Í undirbúningi er að Flúðaskóli verði væntanlega leiðtogaskóli í skógræktarverkefningu “lesið í skóginn”.

Máttarstólpi hættir kennslu.

Elín Hannibalsdóttir sem verið hefur kennari við Flúðaskóla allt frá árinu 1971 eða í alls 36 ár hefur látið af kennslu. Elín hefur kennt a.m.k. tveimur kynslóðum Hrunamanna. Elínu eru þökkuð farsæl og góð störf í þágu menntamála í Hrunamannahreppi.

Íþróttaskóli unga fólksins

Þeir fóstbræður Karl Ágúst Hannibalsson nýútskrifaður íþróttakennari og Sigfús Heimisson verðandi íþróttakennari hafa skipulagt íþróttaskóla fyrir ungu kynslóðina frá 11. júní til 10. ágúst. í samráði og samvinnu við Ungmennafélag Hrunamanna og Hrunamannahrepp. Kennt er frá kl. 9 til 12 fyrir börn fædd frá 1998 til 2001 og frá kl. 13.00 til 16 fyrir börn fædd 1994- 1997. Kenndar verða frjálsar íþróttir, fimleikar, knattspyrna og sund svo eitthvað sé nefnt. Einnig verða sérstakir útivistartímar. Það er ánægjulegt að fá þessa heimamenn til þess að stjórna íþróttaskólanum en Karl Ágúst hefur verið ráðinn sem íþróttakennari við Flúðaskóla en Sigfús mun halda áfram námi við íþróttaskólann Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni. Það er í rauninni skemmtilegt til þess að hugsa að Karl Ágúst er barnabarn Elínar Hannibalsdóttur og tekur við kyndlinum úr hendi hennar. Hvar værum við eiginlega ef við hefðum ekki þessa vestfirsku Hannibala hjá okkur?

Vatnsveita Flúða – innra eftirlit.

Gengið hefur verið frá miklu plaggi um innra eftirliti Vatnsveitu Hrunamannahrepps. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun annast reglubundið eftirlit með veitunni. Skv. Reglugerð um neysluvatn. Farið er yfir ýmsar verklagsreglur, eftirlit með gæðum, kvörtunum, bilunarskráningu o.m.fl. Hannibal Kjartansson, veitustóri hefur haft veg og vanda af þessari vinnu f.h. Hrunamannahrepps og er honum færðar bestu þakkir fyrir. Þetta eru verkþættir sem skipta okkur miklu máli í þeirri miklu matvælaframleiðslu sem hér er í hreppnum.

Sumaropnun á skrifstofu

Þegar sumarið er gegnið í garð breytist opnunartími skrifstofunnar á föstu- 7 dögum en há lekar skrifstofa kl. 12.30. Há mun skrifstofan vera lokað í frá 5

Hátíðardagsskrá í Hrunamannahreppi



17. júní 2007



Dagsskráin hefst með skrudgöngu sem leggur af stað frá íþróttahúsinu **kl. 13:30**. Að henni lokinni (um kl. 14:00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu. Dagbjört Eiríksdóttir mun flytja hátíðarræðuna.

Vinsamleg tilmæli til fólks að leggja ekki bílum sínum við íþróttahús og skóla heldur nota bílastæði við Félagsheimili.

Að hátíðardagsskrá lokinni verður ýmislegt í boði fyrir hátíðargesti:

17. júní hlaupið verður að vanda þreytt strax að lokinni hátíðardagsskrá Kassabílarally verður haldið á lóð skólans
Félagar úr Karlakórnum munu etja kapp við kvenfélagskonur
Hoppukastali verður fyrir yngri kynslóðina
Unglingadeildin Skúli mun bjóða upp á kassaklifur

Klukkan 20:00 halda hátíðhöldin áfram í Félagsheimili Hrunamanna. Þar verður boðið upp á fjölbreytta dagská fyrir alla fjölskylduna. Afhent verða verðlaun fyrir keppnir dagsins. Ester Ágústa Guðmundsdóttir syngur nokkur lög við undirleik Árna Þórs Hilmarssonar. Möguleikhúsið mun mæta á svæðið með eitthvað skemmtilegt fyrir yngstu kynslóðina. Að því loknu tekur við diskótek fyrir unga sem aldna. Samkomunni lýkur um kl. 22:00

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis

Kæru sveitungar og aðrir gestir, það er von okkar að við getum átt saman ánægjulegan dag og kvöldstund og að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

17. júní nefndin

..Listi yfir þá , sem verða með eitthvað í boði á þjóðhátíðardaginn.

Kaffi Grund

Kaffihlaðborð frá kl. 14:30 - 17:00

3ja rétta kvöldverður frá kl.19:00 – 22:00 (verð 3.200)

Athugið að það þarf að panta á kvöldverðinn

Hótel Flúðir

3ja rétta hátíðarkvöldverður

Kaffi Sel opið 8:00 – 21.00

Munið golfvöllinn

Verslunin Strax opið 10:00 – 20:00

Ferðamiðstöðin opið 9:00 – 23:00

Golfskálinn Snússa, Ásatúni

Kaffihlaðborð frá kl. 15:00 – 17:00

Útlaginn verður opinn

17. júní hlaupið:

Keppt verður í tveimur aldursflokkum:

10 ára og yngri (fædd 1997 og síðar)

11 ára og eldri (fædd 1996 og fyrr)

Keppnin hefst strax að loknum hefðbundnum hátíðarhöldum

Fyrst keppir yngri flokkurinn og síðan eldri.

Keppendur mæti við rásmark sem verður við íþróttahúsið.

Kassabílarallý – Reglur

1. Aðeins má nota bíla með fjögur hjól.

2. Bílar skulu knúnir með mannaflí.

3. Hámarksfjöldi keppenda með hverjum bíl eru þrír.

Einn til að stýra og tveir til að ýta.

4. Keppt verður í tveimur aldursflokkum:

11 ára og yngri og 12 ára og eldri.

5. Ökumenn bílanna verða að vera með hjálm

Skráning í keppnina hefst strax að loknum hefðbundnum hátíðar-

höldum.Kassabílarallýið hefst að loknu 17. júní hlaupi.

Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2007

Ferða- menningar og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér fyrir ykkur gönguferðir sumarsins.

Þetta er sjötta sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir og reynnum við að höfða til sem flestra með því að hafa þær langar og stuttar, erfiðar og léttar. Í öllum ferðum er fólki boðið upp á að skoða markverða staði. Þetta sumarið ætlum við að ganga allan Kóningsveginn í gegnum hreppinn, í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá konungskomunni 1907.

1. ferð. 14. júní. Kvöldganga.

Kóningsvegur, frá Brúarhlöðum.

Lagt af stað frá Brúarhlöðum og farið um gamla Kóningsveginn sem ekki er farinn á hverjum degi. Mjög falleg og vinsæl leið með merka sögu.

Áætlaður göngutími 2 klst. Hentar öllum.

Fararstjóri: Sigríður Jónsdóttir á Fossi.

2. ferð. 21. júní. Kvöldganga.

Kóningsvegur, frá Hvítárdal.

Lagt af stað frá Hvítárdal og reynt að þræða Kóningsveginn eins og hægt er fram að Kirkjuskarði.

Áætlaður göngutími 2, klst. Hentar öllum.

Fararstjórar: Valný Guðmundsdóttir og Karl Guðmundsson í Skipholti

3. ferð. 28. júní. Kvöldganga.

Kóningsvegur, frá Kirkjuskarði.

Lagt að stað frá Kirkjuskarði og farið eftir Kópavatnsáasi að Bryðjuholti og endað við gamla vaðið á Litlu Laxá við Flúðir.

Áætlaður göngutími 2, klst. Hentar öllum.

Fararstjórar: Þórunn Andrésdóttir og Samúel Eyjólfsson í Bryðjuholti.

4. ferð. 5. júlí. Kvöldganga.

Kóningsvegur frá Hrafnkelsstöðum.

Þetta er síðasti áfanginn af Kóningsvegargöngum

Lagt er af stað frá Hrafnkelsstöðum og gengið fram Langholtsfjall á Álfaskeið. Á Álfaskeiði áði konungur og hans fylgdarlið áður en farið var yfir Stóru Laxá.

Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjóri: Hilmar Jóhannesson Syðra-Langholti.

Eiríkur Þorgeirsson í Túnsbergi mun ganga með okkur Kóningsveginn og hefur hann eflaust frá mörgu fróðlegu og skemmtilegu að segja.

5. ferð. 15. júlí. Dagsganga

Högnastaðaás-Túnsberg.

Lagt af stað frá Högnastíg á Flúðum, upp á Högnastaðaás, þar er mjög fallett um að litast og mikið útsýni. Farið er yfir Bryðjuholtsmúlan og yfir að Túnsbergi þar sem gömlu hrepparéttirnar verða skoðaðar. Þaðan verður síðan gengið að Flúðum. Mjög skemmtileg leið.

Áætlaður göngutími 3-4 klst.

Fararstjóri: Eiríkur Þorgeirsson í Túnsbergi.

6. ferð. 19. júlí. Kvöldganga.

Núpstúnskista.

Lagt af stað frá bænum Núpstúni sem leið liggur upp á Núpstúnsfjall.

Allir sem keyra upp hreppinn sjá kistuna upp á Núpstúnsfjallinu sem prýðir svo mjög bæjarstæðið í Núpstúni. Þeir sem vilja virða fyrir sér útsýnið yfir Suðurland þríla upp á kistuna aðrir hvíla sig aðeins neðar.

Áætlaður göngutími 2-3 tímar.

Fararstjóri: Margrét Larsen í Núpstúni.

7. ferð. 9. ágúst. Kvöldganga

Tungufell - Svartárgljúfur.

Lagt af stað frá Tungufelli, gengið inn Tungufellsdal og upp á Tófuhól, þaðan í gegnum ilmandi skóginn og Svartárgljúfur skoðað, en það er vandlega falið í skóginum og í því mjög fallegur foss. Endað í Tungufelli.

Áætlaður göngutími 2-3 tímar.

Fararstjórar: Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson í Tungufelli

8. ferð. 2.sept. Dagsganga.

Stóru Laxárgljúfur.

Ekið inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru Laxár, sem er rómað fyrir fegurð. Komið við í Hrunakrók og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. **Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10:00 þaðan verða þeir keyrðir inn á afrétt.** Áætlaður göngutími 7-8 klst. **Panta verður í þessa ferð hjá Möggu S Brynjólfsdóttur í síma 4866745 eða 8490546**

Nánari upplýsingar í síma

8684024 Marta Jónsdóttir

Ath. Kvöldgöngur eru á fimmtudögum og dagsgöngur á sunnudögum. Allar dagsgöngur byrja kl 13:00.

Nema 8. ferð, Stóru Laxárgljúfur.

Allar kvöldgöngur byrja kl 20:00.

FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnessýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15):
alla virka daga

kl: 13.00.

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda):
alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsöluaðila.

Allar nánari upplýsingar gefur
Pálmar á Flúðum í síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Flúðaleið ehf. og Flytjandi

Ágætu konur

Nú er búið að ákveða hvaða leið verður riðin 19. júní.
Nefndarkonur hitta ykkur við Markamýrarklett kl.17:30.
Riðinn verður Tæpistígur utan í Langholtsfjalli og Álfa-
skeið til baka. Borðað verður í Snússu. Munið eftir að
taka með ykkur aur fyrir mat og drykk. Vonumst til að margar konur
sjái sér fært að mæta.



Hestakveðjur

Adda Sigga 8676580 og Magga Larsen 8936562

Frá æskulýðsnefnd hestamannafél. Smára.



Helgina 2.-3. júní vorum við sem erum í nefndinni, með 13 börn og unglinga í Hestheimum og fengum aldeilis góðar móttökur hjá þeim Ástu Beggu og Gísla. Fyrst var farið í reiðhöllina í einn og hálfan tíma, síðan farið í kaffi. Eftir kaffitímamann var svo farið í 3 tíma reiðtúr og komu allir glaðir og brosandir úr þeirri ferð. Þegar búið var að spretta af hestunum var farið í kvöldmat, sem var eins og allt í Hestheimum, glæsilegt. Um kvöldið var svo haldin kvöldvaka með leikjum þar sem allir léku sér saman. Það var alveg frábærlega gaman. Krakkarnir voru svo samvinnuþýð og yndislega góð og allir skemmtu sér konunglega, ekki síst við fullorðna fólkið. Eftir morgunmatinn á sunnudeginum, vorum við í reiðhöllinni og prófuðum m.a. hindrunarstökk, og eftir það fóru allir að koma sér heim.

Fyrirhugað er 3ja daga reiðnámskeið fyrir börn og byrjendur. Hestafræðingurinn Cora Claas mun leiðbeina og kennt verður í Torfdal. Þeir sem áhuga hafa, hafið samband við Coru Claas í síma 844-6967. Hún mun gefa ykkur allar upplýsingar. Síðasti skráningardagur er 19. júní. Félagið mun greiða niður námskeiðið sennilega um 1000 kr á þátttakanda en það verður gert opinbert þegar þátttaka er ljós. Í sumari hefur Cora hug á að vera með vikulegan reiðskóla, og þá í tengslum við knapamerkjakerfið. Áhugasamir geta haft samband við Coru.

Svo munum við hafa æskulýðsdag í ágúst, sem ekki er búið að dagsetja. Það verður auglýst nánar síðar.

Hlökkum til að hitta ykkur næst.

Með bestu kveðju, æskulýðsnefnd Smára,

Kvennahlaup 2007

Hreyfing er hjartans mál

Hið árlega **Kvennahlaup ÍSÍ** fer fram **16. júní nk.** að Árnosi kl 13.00 eh.

Upphitun hefst kl. 12.45

Hægt er að láta skrá sig á staðnum frá kl. 11.30

Boðið er uppá 3 vegalengdir, **2 km, 3 km, og 4,5 km.** Þú ræður hraðanum sjálf, þú ferð á þeim hraða sem þér hentar best, gengur, skokkar eða hleypur.

Forskráning verður í Árnosi miðvikudaginn 13. og fimmtudaginn 14. júní frá kl. 13.00 – 16.00, og hjá Dúddu frá 6. júní í sínum 861-0015 og 486-6025,

Það eru allar konur velkomnar, það er ekkert aldurstakmark!

Hressing er að hlaupi loknu. **Sundlaugin verður opin.**

Þáttökugjald er 1.000.

Ég vil minna konur á að til að tryggja sér bol er best að láta skrá sig fyrirfram.

Hittumst hressar og kátar

Dúdda



Límtré Vírnet

Afleysing óskast

Límtré Vírnet ehf óskar eftir að ráða afleysingamanneskju í mötu-neyti og þrif í límtrésverksmiðjunni í fjórar vikur í sumar. Mögulegt er að ráða sömu manneskjuna í annað verkið eingöngu eða bæði saman.

Áhugasamir hafi samband við Aðalstein í síma 530 6046 eða tölvupóst alli@limtre.is fyrir 15. júní.



Hár-Hrun

Verð í Félagsheimili Hrunamanna

föstudagana 22. júní, 6. júlí

og 20. júlí

Eða eftir nánara samkomulagi

Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:

486-5535 og **899-9665.**



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Vinsamlegast athugið að frá og með 15. maí – 31. ágúst gildir sumaropnunar-tíminn:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Vinsamlegast munið að skila á réttum tíma.

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Velkomin á bókasafnið – Alltaf eitthvað nýtt í hverri viku.

Sími : 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Fréttir frá Uppsveitasystur

Dagana 7.-10. júní sl. skunduðu tuttugu og ein kona af stað til Mývatns til að taka þátt í fimmtu kórastefnu Mývatns. Tilgangurinn var að æfa og syngja með tæplega hundrað öðrum konum undir stjórn Lynet Joy Jenkins sem er ein af þekktustu kórstjórnendum Bandaríkjanna, en Jenkins er með doktors-próf í stjórnun. Það var okkur mikill heiður að syngja undir hennar stjórn. Veðrið lék við okkur allan tímann og flugan líka. Á föstudeginum voru haldnir tónleikar í hvelfingunni í Laxárvirkjun. Þar komum við fram og sungum við góðar undirtektir. Kórastefnunni lauk svo með tónleikum þar sem 120 konur úr fjórum kórum sungu undir stjórn Jenkins. Við vorum allar sammála um að við munum lengi búa að þessari reynslu sem gagnast mun okkur í framtíðinni.

Við þökkum þeim sem styrktu þessa skemmtilegu ferð okkar norður í land.

Uppsveitasystur

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er **892 8804**

S.S. Fréttir!

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands var haldinn 30. mars sl. að Laugalandi í Holtum. Kjörnir fulltrúar fyrir Hrunadeild S.S. voru Bjarni Valur Skipholti, Eiríkur Grafarbakka, Ólafur Hrepphólum og Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Fundarstörf voru að mestu hefðbundin, en þó bar margt á góma, í tilefni 100 ára afmælis félagsins á þessu ári. Rekstrarafkoma 2006 hefði mátt vera betri, þó félagið sé afar stöndugt. Orsakanna er víða hægt að leita. Fyrst ber að nefna skort á nautakjöti, svínakjöt og dilkakjöti sem takmarkaði veltu og kom niður á afkomu.

Hagkvæmni í slátrun og flutningum hefur minnkað v/samkeppni. Síðan hefur valdajafnvægið breyst, og mun halda áfram að breytast. Ríkisvald, samtök atvinnulífsins, launþegasamtök, stjórnámálamenn o.fl. munu krefjast opunar á markaði og minnkunar á stuðningi.

Innflutningur landbúnaðarafurða eykst verulega og hefur áhrif á hag bænda og fyrirtækja. Með öðrum orðum, viðhorf í þjóðfélaginu gætu haft neikvæð áhrif á íslenskar landbúnaðarafurðir. Skjót viðbrögð framleiðenda og afurðastöðva til varnar, þurfa að vera meðal annars, áróður fyrir gildum innlendrar framleiðslu og aukin hagræðing í rekstri. Mjólkuriðnaðurinn er t.d. á réttri braut þar að lútandi.

Fjöldi verkefna er í gangi til að styrkja rekstur okkar félags, til lengri tíma litið og gerir rekstraráætlun ráð fyrir umtalsvert betri afkomu 2007 en 2006. Þá er S.S. komið í samstarf við Dlg, sem er stærsta fóðurfyrirtæki á Norðurlöndum. Stefnt er að 10-20% lækkun fóðurverðs. Innflutningur er hafinn og kemur varan á almennan markað í haust. Yara áburður er í stöðugri sókn og er nú þegar kominn með 30% markaðshlutdeild. Vel gengur að afsetja hrossakjötið, og alltaf vantar fleiri nautgripi til slátrunar.

Í síðasta fréttabréfi B.S.S.L óskaði S.S eftir sláturlömbum fyrir hefðbundna sláturtíð á komandi hausti. Lögð er áhersla á að pantanir berist tímanlega þá vil ég hvetja sauðfjáreigendur til að skipuleggja sína slátrun í haust sem allra fyrst og hafa samband við deildarstjóra. Til að auðvelda verkið, er hægt að upplýsa hvern og einn um sína sláturdaga haustið 2006.

Læt þessa fréttapunkta nægja að sinni, minni á að deildarstjóri veitir upplýsingar og aðstoðar til lausnar hverju máli félaginu til hagsbóta og framfara hverju sinni.

Bestu sumarkveðjur,
Deildarstjóri Hrunamanna,
Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Drullufótbolti 2007

Ég ætla að standa fyrir Drullufótboltamóti 23. júní 2007 að Heiðarbrún Skeiða og Gnúpverjahreppi. Kl.13.00 (við verkstæðið). Þetta mót er til styrktar Lambhaganum á Selfossi. Þátttökugjald er 300 kr. á mann og verður einhver hressing á staðnum.



Endilega komið og takið þátt, ungir og gamlir og styrkið gott málefni í leiðinni.

Menn ráða hvort þeir komi á staðinn með heilt lið (5- 7 manna lið) eða stakir þá er þeim skipað í lið á staðnum. Skráning á staðnum.

Hlakka til að sjá ykkur
Lovísa Einarsdóttir

MYNDLISTARSÝNING

Bjarkarhlíðarhópurinn sýnir í Kaffi Seli frá og með 16.júní n.k.

Sýnendur:

Elín Guðfinnsdóttir

Helga Magnúsdóttir

Rut Meldal Valtýsdóttir

Jónína K Björnsdóttir

Dóra Mjöll Stefánsdóttir

Skúli Gunnlaugsson

Anna Magnúsdóttir.

Hópurinn hefur verið í námi í skúrnum í Bjarkarhlíð undanfarin ár undir handleiðslu Katrínar Briem.

Sýningin verður opin frameftir sumri

Skráning á Íslandsmót barna og unglunga stendur yfir.Skráningu þarf að vera lokið fyrir 15 júní.

Skráningargjald er 3000 á allar skráningar.IS númer hests þarf að fylgja svo og kennitala knapa.

Skráningar sendist á

brunir@simnet.is



SUMARSTARF

Okkur vantar hjálp í júlí og ágúst í gistiheimilinu okkar, er ekki einhver á lausu?

Ferðapjónustan Syðra Langholti

Uppl.hjá Vigdísí í S: 861 6652

Leikskólafréttir

Það er komið sumar börnin farin að hlaupa út í stuttbuxum og bol. Þegar fötunum fækkar fara sumarskrámurnar að láta sjá sig og núna er svona plásturstímabil í leikskólanum.

Við erum mikið úti og njótum veðursins. Búið er að taka smíðadótið út fyrir verðandi smíði til að æfa sig á.

Fulltrúi frá Lýðheilsustöð og Kaupþingi kom færandi hendi í leikskólann með hrífur, skóflur, áburð, fræ, útsæði o.fl. núna getum við státað af matjurtagarði í leikskólanum. Það verður gaman að sjá uppskeruna í haust.

Leiðindaatvik átti sér stað um síðustu helgi hérna á leikskólalóðinni, tvær rúður voru brotnar og aðkoman ekki skemmtileg á mánudagsmorgun allt í glerbrotum, drasli og búið að moka sandi út um alla lóð frekar sóðalegt.

Leikskólabörn eru smám saman að fara í sumarfrí og önnur eru að hætta í leikskólanum.

Bestu þakkir fyrir samstarfið í vetur og óskum útskriftarbörnum alls hins besta í framtíðinni.

Gleðilegt sumar

Starfsfólk leikskólans



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og pökkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímabantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

VIOLA snyrtistofa—LOKANIR í sumar

***Takmarkaður opnunartími verður frá 15. júní
til og með 29. júní.***

***Stofan verður svo lokuð frá 23.júlí til 10. ágúst
og frá 27. ágúst til 4. sept.***

Hið árlega kvennahlaup ÍSÍ og Sjóvá verður haldið laugardaginn 16. júní. Yfirskrift hlaupsins í ár er "Hreyfing er hjartans mál" og er það unnið í samvinnu við Hjartavernd. Hlaupið hefst klukkan 11:00 og verður farið frá sundlauginni á Flúðum. Hægt verður að velja um þrjár vegalengdir, 3 km, 5 km og 10 km fyrir þær allra hörðustu. Skráning er á staðnum og kostar 1000 krónur hver bolur. Þá verður boðið upp á Egils Kristal eftir hlaupið og einnig verður frítt í sund fyrir alla sem taka þátt í hlaupinu.

Nánari upplýsingar eru hjá Karli Ágústi í síma 865-2856

Minningarsteinn reistur um „Mannskaðann á Mosfellsheiði“

Í mars árið 1857, fyrir réttum 150 árum, lögðu 14 bændur úr Laugardal og Biskupstungum af stað í verið. Þeir voru gangandi og leiðin lá yfir Mosfellsheiði til Reykjavíkur. Þeir hrepptu aftakaveður og hrökkust klukkustundum saman á heiðinni. Við sólarlag grófu þeir sig í fönn og baráttan við dauðann hófst. Nokkrir létust um nóttina, fyrst 17 ára drengur, og aðrir voru ósjálfbjarga um morguninn. Átta manna hópur komst af stað, en tvístraðist í veðurofsanum. Þegar þeir fyrstu komust til byggða var gerð út leit og fundust þá þrír á göngu, en sex menn fundust látnir eða í andarslitrunum þegar komið var að náttstað vermannna. Þeir sem lifðu voru flestir illa farnir af kali. Einn mun hafa sloppið best og æfði sig á skíðum daginn eftir hrakningarnar. Þetta þótti sérstakt og var hann — að sögn — upp frá því kallaður Sveinn sálarlausí. Einn hinna látnu var á fertugsaldri en allir hinir undir þritugu. Líkin voru flutt að Mosfelli og greftruð þar.

Einungis einn hinna látnu átti afkomendur svo vitað sé, Ísak Sigurðsson frá Útey. Hjá afkomendum hans hefur saga þessa harmleiks lifað allt fram á þennan dag. Nóttina sem hann dó fæddist honum sonur heima í Útey, en tíðindin af örlögum hans bárust ekki fyrr en nokkru síðar, þegar jarðarförin var um garð gengin á Mosfelli. Sagan hefur einnig varðveist í Mosfellssveit þar sem atburðurinn var jafnan kallaður „Mannskaðinn á Mosfellsheiði“ og ritaðar heimildir eru til. Ísak var afi Guðmundar í Núpstúni, Margrétar í Dalbæ, Pálínu í Geldingaholti og Valgerðar, sem bjó í Reykjavík. Afkomendur hans hér í uppsveitunum eru því fjölmargir. Um langt skeið hafa þeir rætt um að reisa minningarstein um þennan atburð. Af því verður í sumar og verður reistur blágrýtissteinn frá Hrepphólum með plötu með nöfnum hinna látnu, undir yfirskriftinni „Mannskaðinn á Mosfellsheiði“. Steinninn verður í kirkjugarðinum á Mosfelli í Mosfellsbæ þar sem mennirnir voru jarðsettir. Hann verður afhjúpaður þann 30. júní kl. 14.00. Á eftir verður kaffisamsæti í safnaðarheimili sóknarinnar, en Mosfellingar, með Sögufélag Kjalnesinga í broddi fylkingar, hafa sýnt þessu mikinn áhuga. Allir eru velkomnir.


Fyrir hönd ættingja,
fjölskyldan í Sunnuhlíð

Bændur og búalið!

Eru kýrnar slappar?

Eigum alltaf til á lager Propylenglykol við súrdoða.
Einnig mikið úrval af milligerðum,
át-og milligrindum.

Munið sáðvöruna,erum óhræddir við verðsamanburð.



Leitið ekki langt yfir skammt.



Sími:480-5600

www.landstolpi.is

Stækoma þrá með
trúkki

Landflutningar
SAMSKIP

**Brottför frá Flúðum
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.
Brottför frá Landflutningum Reykjavík
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.
Vöndull ehf Högnastíg 1.
Jóhann Unnar Guðmundsson.
Sími: 856-1580**



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.

Fréttatilkynning:

Listasafn Árnesinga í Hveragerði opnar að nýju eftir viðgerðir og smávægilegar breytingar. Listasafnið er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga, sem velur safninu stjórn. Ný stjórn tók til starfa fyrr á þessu ári og réði Ingu Jónsdóttur, myndlistarmann sem safnstjóra. Inga var ein af upphafsmönnum listaháðtíðarinnar á Seyði á Seyðisfirði, síðar menningarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og var þar einnig verkefnastjóri Jöklasýningarinnar. Stjórn safnsis skipa Knútur Bruun, formaður, Ísólfur Gylfi Pálmason og Jóhanna Róbertsdóttir.

Það er mikill metnaður í nýrri stjórn og hefur hún fengið til sín þrjá ráðgjafa sem í samvinnu við stjórn og safnstjóra vinnur að framtíðarsýningarstefnu safnsins. Stefnt er að því að opna þrjár stórar sýningar á ári, sem standi amk. í tvo mánuði hver og fylgt er úr hlaði með útgáfu. Til að halda uppi samfeldu sýningarhaldi allt árið verða settar upp minni sýningar þess á milli, en metnaðarfullar engu að síður. Áhersla verður einnig á aukna fræðslustarfsemi s.s. leiðsögn um sýningarnar, námskeið, fyrirlestra og málþing. Þá er einnig áhugi á því að kynna aðrar listgreinar innan safnsins, eftir því sem kostur er. Vilji stjórnar og safnstjóra er að þjóna heimamönnum og gestum sýslunnar og að Listasafn Árnesinga verði þekkt kennileiti á Suðurlandi, þar sem listrænn metnaður þrífst við góðan orðstí.

Fyrsta sýning safnsins á þessu ári er sýningin **AÐ FLYTJA FJÖLL**, þar sem skoða má málverk eftir Ásgrím Jónsson í samhengi við verk núlifandi listamanna, þeirra Brynhildar Þorgeirsdóttur, Georgs Guðna, Guðrúnar Kristjánsdóttur, Húberts Nóa, Magnúsar Pálssonar, Magnúsar Tómassonar, Ólafs Elíassonar og Þorbjargar Þorvaldsdóttur. Kjarni sýningarinnar er fjallasýn þessara myndlistarmanna og hvernig þeir flytja þá sýn í mismunandi miðla og til annarra staða. Það er óhætt að segja að fjölbreytni í efnistöfum sé nokkur og áhugaverð. Sýningin verður opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði, laugardaginn 9. júní og mun standa til 29. júlí. Hún er opin alla daga kl. 12 – 18 og á sunnudögum kl. 15 er boðið upp á leiðsögn.

Kæru samsveitungar.

Þann 19. maí síðastliðinn var stofnfundur Akstursíþróttafélags Hreppakappa haldinn á Útlaganum. Mæting fór fram úr öllum vonum stofnenda, sérstaklega með því tilliti að auglýsing fundarins fór forgörðum. Í lok dags taldi félagaskrá 41 mann. Og þegar þetta er skrifað telur listinn 46 félagsmenn með einungis 4 utanvseitarmenn. Og verður það að teljast gott. Á þessum fundi var kosin stjórn, lög samþykkt og síðan voru félagar skráðir eftir að stofnendur kynntu sín mál og sínar framtíðarsýnir. Lokamarkmið félagsins er að vera félag fyrir allar akstursíþróttir sem stundaðar eru í Hrunamannahreppi. Að viðhalda öryggi og skynsemi í þessari skemmtilegu blöndu af leiktækjum, vönduðum gæða mannskap og því fyrirbæri sem í daglegu tali kallast almennur fíflagangur. En fyrsta mál á stefnuskránni og ástæðan fyrir stofnun félagsins snýr að torfæruhjólum. Mikil fjölgun hefur orðið á þessum hjólum í sveitinni og veit undirritaður af væntanlegri aukningu þannig að mikill vöxtur er í greininni í hreppnum. En þar sem iðkendur þessarar íþróttar hafa ekkert ákveðið svæði höfum við notast við reiðvegi og malarnámur í hreppnum. Og þó að við stoppum og drepum á þegar við höfum mætt hópi hestamanna virðist ekki vera almenn ánægja með okkur og hafa borist kvartanir til sveitarstjórnar. Við þessu er bara ein lausn. „Einhvers staðar verða góðir að vera“, og er það einmitt tilfellið hér. Ef félagið fær sitt eigið svæði, þá verður iðkun þessarar íþróttagreinar staðbundin í hreppnum og gætu þá allir unað sáttir við sitt. Og yrði það bara byrjunin. Vegna þess að félagið er nú skráð í fyrirtækjaskrá og umsóknin hefur verið send í HSK. Það sem þetta færir félaginu, er tenging í ÍSÍ og því fylgir keppnisleyfi. Því við viljum byggja upp motocross-braut sem er samþykkt af ÍSÍ og halda mót. Einnig yrði brautin opinn þann hluta ársins sem jörð leyfir og yrði seldur aðgangur að brautinni. Vöxtur motocross-, enduro- og fjórhjólaaksturs er gríðarlegur um þessar mundir og er skortur á svæðum fyrir þessar greinar. Hrunamannahreppur gæti haft sterka stöðu í að fá iðkendur hingað vegna mikillar uppbyggingar sumarbústaða og þar sem einnig eru tveir golfvöllir og hestaferðir í boði ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hér í sveit. Samhliða brautinni viljum við líka gera svokallaða púkabraut. En það er braut fyrir yngstu iðkendum. Því stór hluti vaxtarins er rakinn til þess að öll fjölskyldan er farin að stunda greinina. Nú eru báðir foreldrarnir og börnin farin að hjóla og viljum við að hjóla-fjölskyldan geti átt góðan dag í fallettu sveitinni okkar. Því auglýsir félagið hér með eftir svæði fyrir okkar starfsemi

. Ég skora á alla sem hafa áhuga á þessu verkefni eða spurningar varðandi það að hafa sambandi við einhvern í stjórn félagsins. Sigurjón 866-9035, Guðmundur 893-8869, Ágúst 868-5612 eða Egill 866-8944. Einnig er hægt að senda póst á; hreppakappar@gmail.com og fylgjast með félaginu á <http://hreppakappar.blogspot.com>.

Einnig tökum við á móti nýjum félagsmönnum.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllt

f.h. AHK

Sigurjón Snær Jónsson, Berghyl

Formaður AHK

Frá Umhverfisnefnd.

Þó svo að rusladagurinn sé ný liðinn er ekki úr vegi að minna fólk á að halda nánasta umhverfi sínu hreinu. Nú er þjóðhátíðardagurinn á næsta leyti og þá er gaman að hafa sveitina sparilega sem og aðra daga að sjálfsögðu.

Umhverfisnefnd mun veita verðlaun fyrir snyrtimennsku á 17.júní eins og undanfarin ár. Sem betur fer er erfitt að velja einhvern sérstakan í þessari sveit, svo margir koma til greina, bæði einstaklingar, fyrirtæki og fleiri.

Það mun koma í ljós hver fær verðlaunin á hátíðahöldunum.

Okkur finnst nauðsynlegt að benda á dagnað Erlu Brynjólfsdóttur frá Sólheimum sem týnir rusl óháð hvar það er og frá hverjum.

Þetta er mikil fyrirmynd og sennilega vantar orðið áróður fyrir hreinu og fallegu umhverfi.

Það gildir einu hvort við erum á ferð í sveitinni okkar eða annars staðar, rusl á bara heima í þar til gerðum ruslageymslum!!

Tökum nú höndum saman í snyrtimennskunni.

Gunnlaugur, Þórunn og Magga.

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til fimmtudaga

Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.

Föstudaga frá kl: 09:00-12:30

Skrifstofan er LOKUÐ vegna sumarfría

frá 5.júlí til 23. júlí.



Gæðingamót Smára var haldið 9. júní í Torfdal á Flúðum.

Nokkuð var um sterka hesta og sérstaklega var barnaflokkurinn glæsilegur. Viljum við óska öllum keppendum til hamingju og þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi mótsins og sérstaklega þökkum við Búnaðarfélagum Skeiða, Gnúp og Hrunamannahrepps fyrir glæsileg peningaverðlaun í tölti, eigendum Hróa frá Skeiðháholti og Straums frá Sauðárkróki fyrir að gefa folatolla undir þá og hestavöruversluninni Baldvin&Þorvaldur fyrir að gefa glæsileg beislissett í yngri flokkana. Hér eru úrslitin

Barnaflokkur

1. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Evita frá Vorsabæ II, 5 vetra brún
2. Bryndís Heiða Guðmundsdóttir og Dynur frá Vestra Geldingaholti, 11 v. Jarpur
3. Björgvin Ólafsson og Skuggi frá Hrepphólum, 16 v. Brúnn
4. Kjartan Helgason og Bráinn frá Reykjavík, 7 v. Bleikálóttur Ragnhildur Eyþórsdóttir og Elding frá Stökkseyri, 12. rauðnösótt

Sigurbjörg Bára Björnsdóttir hlaut ásetuverðlaun í barnaflokki

Unglingaflokkur

1. Heiðrún Kristmundsdóttir og Yrkja frá Hrafnkelsstöðum, 11 v. Rauðstjörnótt
2. Katrín Ólafsdóttir og Þytur frá Hrepphólum, 10 v. Rauðstjörnóttur
3. Jóhanna Höeg Sigurðardóttir og Kveikja frá Hæli, 13 v. Brúnstjörnótt Þorbjörg Sigurðardóttir og Garpur frá Skollagróf, brúnn

Heiðrún Kristmundsdóttir hlaut ásetuverðlaun í unglíngaflokki

Ungmennaflokkur

Hólmfríður Kristjánsdóttir og Fagri Blakkur frá Neðra Vatnshorni 10 v. Brúnn

Marta Sólrún Jónsdóttir og Roði frá Bjarnastaðahlíð 9 v. Rauður

B-flokkur

Gunnar Jónsson og Týr frá Skeiðháholti, 10 v. Rauðstjörnóttur

Cora Claas og Andi frá Ósabakka, 8 v. Rauður

Vilmundur Jónsson og Hrói frá Skeiðháholti, 11 v. Bleikálóttur

Hermann Þór Karlsson og Djarfur frá Ytri Bægisá II, 8 v. Brúnn

Hjálmar Gunnarsson og Vígaskjóni, 9 v. Rauðskjóttur

A-flokkur

Hinrik Bragason og Straumur frá Sauðárkróki, 18 v. Rauðblesóttur
Helgi Kjartansson og Helmingur frá Hvammi, 17 v. Rauðstjörnóttur
Guðmann Unnsteinsson og Elding frá Haukholtum, 7 v. Rauð
Sigurður Sigurjónsson og Drottning frá Kotlaugum, 8 v. Jörp

Tölt

Cora Claas og Andi frá Ósabakka, 8 v. Rauður
Hermann Þór Karlsson og Djarfur frá Ytri Bægisá II, 8 v. Brúnn
Kolbrún Þóroldsdóttir og Veigar frá Egilsstaðakoti, 10 v. Jarpur
Vilmundur Jónsson og Hrói frá Skeiðháholti, 11 v. Bleikálóttur
Hjálmar Gunnarsson og Vígaskjóni, 9 v. Rauðskjóttur

Blæheimar skal hún heita

Eins og flestum mun kunnugt undirritaði Guðni Ágústsson fv. landbúnaðarráðherra loforð um kr.15 milj. framlag til styrktar byggingu reiðhalla á Flúðum nokkru fyrir alþingiskosningarnar. Viðstaddir voru sveitarstjóri Hrunamannahr. ásamt tveimur forsvarsmönnum Hestamannafélagsins Smára.

Þetta var eitt af mörgum góðum verkefnum sem Guðni Ágústsson hefur beitt sér fyrir í þágu hestamenskunnar í landinu. Þökk sé honum fyrir öll þau góðu störf. Frétt um þetta efni ásamt mynd birtist í fjölmiðlum og glöddust margir sem unna hestum og hestamensku.

Einn af þeim var sá ljúfi drengur Þorsteinn Sverrisson frá Þverspyrnu sem skrifaði þá strax, er fréttin birtist, á bloggsíðu sína. Hann óskaði f.v. sveitungum sínum til hamingju með þessa ákvörðun og lagði til að reiðhöllinni yrði gefið nafnið Blæheimar til heiðurs þekktasta hesti sem verið hefur uppi hér í uppsveitum Árnessýslu. Minn góði vinur og nágrenni Hermann Sigurðsson í Langholtskoti varð sigurvegari á Blæ sínum í A-fl.gæðinga á tveimur landsmótum, 1966 og 1970, einnig í öðru sæti 1962. Mér er í fersku minni hve við sveitungar hans samglöddust honum. Allir hestamann dáðu þennan fagra fjölhæfa og tilkomumikla gæðing.

Því set ég þessar línur hér á blað til að taka heilshugar undir með Þorsteini Sverrissyni um þessa nafngift á okkar væntanlegu reiðhöll sem verður fjölnota menningarhús. Vonandi rís reiðhöllin sem fyrst og ég veit að hún verður mikil lyftistöng fyrir byggðina okkar á margvíslegan hátt.

Sigurður Sigmundsson

Takið eftir!



Flughátíð Flúðum

á Jónsmessu 23. júní 2007



uppúr hádegi og fram á nótt

verður Flughátíð haldin á Flúðum

Laufskálar - Magnús Víkingur 893 65 99

Flúðasveppir - Georg Ottósson 893 99 11

og Útlaginn - Árni Hjaltason 899 8843

standa fyrir þessari samkomu.

Fjölpætt dagskrá á Flúðaflugvelli.

Pulsur og kók, grænmeti og sveppir,

eitthvað fyrir alla,

konur og kalla, börn og gamalmenni.



Sjáumst sem allra flest

Tjaldstæði á staðnum

Flugbensín á staðnum



Rúlluplast , net og garn
Sem fyrr verð ég með plast net og garn .
VERÐLISTI 2007

Vörunúmer	Rúlluplast	án vsk	með vsk
SW 002	50 cm Grænt	6.150 kr	7.657 kr
SW 005	75 cm Grænt	7.250 kr	9.026 kr
SW 009	50 cm Hvítt	6.150 kr	7.657 kr
SW 017	75 cm Hvítt	7.250 kr	9.026 kr
SW 013	75 cm Svart	7.250 kr	9.026 kr
SW 019	75 cm Stórbagga	7.650 kr	9.524 kr
	Net		
503600	3600 m	19.950 kr	24.838 kr
	Bindigarn		
G750	700 m/kg	2.700 kr	3.362 kr
G400	400 m/kg	2.700 kr	3.362 kr
G130	130 m/kg	4.900 kr	6.101 kr

Afslættir

Magnafsláttur (40 rúllur) 5%

Staðgreiðsluafsláttur 3%

Greiðslukjör

Afgreitt í júní: Greiðist 15. september

Afgreitt í júlí: Greiðist 15. október

Afgreitt í september: Greiðist 15. nóvember

Sendi frítt heim ef pantað er heilt eða hálf bretti . (20 eða 40 rúllur).

Jón Viðar , sími – 898 - 1468

<p>Sundlaugin á Flúðum Opnunartími frá 15. júní: Mánudaga til föstudaga. 10:00-21:00 Laugardaga 10:00-18:00. Sunnudaga 10:00-18:00 Höfum til sölu sundfatnað, sundgleraugu og fleira</p>

Sunnlenskt matvælahorn í Ferðamiðstöðinni

Sérstök áhersla verður lögð á sunnlensk matvæli í sérstöku “Matvælahorni” í Ferðamiðstöðinni á Flúðum. Þar verður boðið upp á grillvörur frá SS, mjólk og mjólkurdrykki frá MS og osta og smjör frá Osta- og smjöröslunni, grænmeti frá Flúðum og nágrenni.

Þá verður einnig hægt að fá nýbakað brauðmeti og kaffi á staðnum.

Aflmæling .

Föstudaginn 22.júní mun Vélaverkstæði Þóris vera með aflmælingar á aflúrtaki dráttavéla á Flúðum, ef áhugi er fyrir hendi. Gott tækifæri til að ástandsskoða vélin.

Nú er hægt að vita hvort að öll hestöflin hafi fylgt með í kaupunum!

Kostnaður á vél er kr: 8.000 með vsk . Lágmarksfjöldi véla. Einnig hægt að athuga ástand og virkni vökvakerfis.

Pantanir og nánari uppl. gefur Jón Viðar í síma 898 – 1468 .

Ítalía - Flúðir

Um næstu mánaðarmót júní - júlí er von á leiðangri 5 fisflugvéla frá Ítalíu til Íslands.

En fis eru litlar flugvélar og mótordrekar að hámarki 450 kg .

Áætlað er að fisin komi frá Færeyjum til Hornafjarðar og stoppi þar stutt en haldi svo áfram og lendi á Flúðaflugvelli þar sem félagar úr fisfélagi Reykjavíkur og flugklúbbi Flúða munu taka á móti þeim. Von er á umtalsverðum fjölda flygilda á svæðið og eru Hrunamenn hvattir til að kíkja út flugvöll og skoða og græjurnar.

Svona leiðangur er mjög háður veðri svo erfitt er að segja nákvæmlega til um dagsetningar en hægt verður að fylgjast með á www.fisflug.is

Flugklúbbur Flúða



TILBOÐ 17 JÚNÍ
BJÓÐUM UPP Á KAFFIHLAÐBORÐ

FRÁ KL: 14.30-17.00

KR. 1.590.

OG

3 RÉTTA KVÖLDVERÐ FRÁ KL: 19.00-22.00

RJÓMALÖGUD GRÆNMETISSÚPA

OFNBAKAD LAMBALÆRI MED TILHEYRANDI

ÍS FANTASÍA

KR: 3.200

VINSAMLEGA PANTIÐ Í KVÖLDMATINN Í SÍMA

552-6962 FÝRIR LAUGARDAG

Skráning á Íslandsmót barna og unglunga stendur yfir. Skráningu þarf að vera lokið fyrir 15 júní. Skráningargjald er 3000 á allar skráningar. IS númer hests þarf að fylgja svo og kennitala knapa. Skráningar sendist á brunir@simnet.is



Nú er rétti tími tíminn til að breyta um lífsstíl.
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728
WWW.eva.topdiet.is



Ljósmynd af málverki eftir Ásgrím Jónsson, en málverkið verður sýnis á sýningunni “AÐ FLYTJA FJÖLL” í Listasafni Árnesinga í Hveragerði.



Þóra Úlfarsdóttir pakkar jarðarberjum í Silfurtúni. . . Ljósmynd.Sig. Sigmundss